

51

16. maí

L Ö G

um ráðstöfun á greiðsluafgangi ríkissjóðs árið 1954.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að verja 35 milljónum króna af tekjum ríkissjóðs árið 1954 sem hér segir:

1. Til Ræktunarsjóðs	8	millj. kr.
2. Til Fiskveiðasjóðs	8	— —
3. Lána veðdeild Búnaðarbanka Íslands	4	— —
4. Til greiðslu á framlagi ríkissjóðs fyrir árið 1955 til útrýmingar heilsuspillandi íbúða	3	— —
5. Til greiðslu uppbóta á sparifé	1.5	— —
6. Til Brúasjóðs til endurbygginga gamalla stórbrúa	1.5	— —
7. Greiða upp í hluta ríkissjóðs af stofnkostnaði við skóla, sem þegar hafa verið byggðar eða eru í byggingu	2	— —
8. Greiða upp í hluta ríkissjóðs af kostnaði við hafnargerðir, sem þegar hafa verið framkvæmdar	1	— —
9. Að leggja til hliðar upp í framlag ríkisins til atvinnuleysistrygginga	6	— —

Vextir af lánum samkv. 3. tölulið skulu vera 5½% á ári og lánstími 20 ár.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 16. maí 1955.

Ásgeir Ásgeirsson.

(L. S.)

Eysteinn Jónsson.

52

20. maí

L Ö G

um breyting á lögum nr. 23 1. febr. 1952, um öryggisráðstafanir á vinnustöðum.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

11. gr. laganna orðist svo:

1. gr.

Sérhver, sem ætlar að reisa eða reka meiri háttar verksmiðju eða verkstæði eða breyta eldra fyrirtæki, skal leita umsagnar öryggismálastjóra um, hvort hið fyrirhugaða skipulag sé í samræmi við lög þessi og reglugerðir settar samkvæmt þeim. Í því skyni skal hann láta í té sundurliðaða greinargerð með nægilegum upplýsingum yfir fyrirkomulag véla og húsakynna og öðrum upplýsingum, sem máli kunna að skipta, allt eftir því, sem öryggismálastjóri kann að krefjast.

Vilji hlutaðeigandi ekki una fyrirmælum eða úrskurði öryggismálastjóra, lúti andi að þessu, getur hann skotið máli sínu til úrskurðar öryggisráðs. 52

20. maí

Hver sá, sem tekur að sér byggingu verksmiðja, verkstæða eða annars þess háttar, uppsetningu véla eða vélbúnaðar, hverju nafni sem nefnist, skal vera ábyrgur gagnvart öryggiseftirlitinu um, að öryggisútbúnaður sé samkvæmt lögum þessum og í samræmi við tillögur, fyrirmæli eða úrskurði öryggismálastjóra og öryggisráðs, ef því er að skipta, samkvæmt þessari grein.

Ákveða skal í reglugerð, hver stærð verksmiðja og verkstæða skuli falla undir ákvæði þessarar greinar.

Óheimilt er að hefja rekstur í nýrri verksmiðju eða verkstæði, fyrr en eftirlitsmaður hefur gefið réttum aðilum vottorð um, að allur útbúnaður sé í fullu lagi og í samræmi við fyrirmæli öryggismálastjóra eða öryggisráðs, þar sem það á við.

2. gr.

Á eftir orðinu „öryggismálastjóra“ í 1. málsl. 12. gr. laganna bætist: og öryggisráðs.

3. gr.

Aftan við 31. gr. laganna bætist: í samráði við öryggisráð.

4. gr.

Aftan við 1. málsl. 1. málsg. 35. gr. laganna bætist: og öryggisráðs.

5. gr.

1. málsg. 40. gr. laganna orðist svo:

Öryggismálastjóri gerir, í samráði við öryggisráð, útdrátt úr lögum þessum og reglugerðum, sem settar verða samkvæmt þeim. Útdrætti þessa skal festa upp á vinnustað, eftir því sem við á, og skal þannig frá þeim gengið, að verkamenn eigi auðvelt með að kynna sér efni þeirra. Öryggisráð getur þó í samráði við öryggismálastjóra veitt undanþágu frá ákvæðum þessarar greinar.

6. gr.

Fyrir orðið „öryggismálastjóra“ í síðari málsl. 41. gr. laganna kemur: öryggisráð.

7. gr.

Á eftir 44. gr. laganna koma tvær nýjar greinar (verða 45. og 46. gr.) í nýjum kafla (verður VII. kafli), með fyrirsögninni: Öryggisráð:

- a. (45. gr.) Ráðherra skipar fimm manna öryggisráð til sex ára í senn. Hann skipar án tilnefningar formann þess, er skal vera læknir með sérþekkingu í atvinnusjúkdómum, en tvo verkamenn og tvo fulltrúa vinnuveitenda samkvæmt tilnefningu eftirtalinna aðila:

1. Alþýðusambands Íslands.
2. Félags íslenzkra iðnrekenda.
3. Vinnuveitendasambands Íslands.
4. Iðnsveinaráðs Alþýðusambands Íslands.

Varamenn skulu skipaðir jafnmargir og á sama hátt.

Ráðherra setur öryggisráðinu starfsreglur og ákveður því þóknun fyrir störf þess.

Kostnaður við störf öryggisráðs greiðist úr ríkissjóði.

- b. (46. gr.) Ráðherra og öryggismálastjóri geta krafist af öryggisráðinu yfirlýsingar um mál, er snerta öryggi verkamanna við vinnu og önnur atriði, er lög þessi ná til. Öryggisráðið tekur til athugunar þau mál, sem lög þessi ná

52
20. maí

til, og lætur álit sitt á þeim í ljós við ríkisstjórnina og öryggiseftirlitið. Það skal og gera tillögur til ráðherra um breytingar á þessum lögum og viðauka við þau, ef því þykir ástæða til.

8. gr.

Aftan við 1. málsl. 1. málsgr. 45. gr. laganna bætast orðin: og öryggisráð.

9. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 20. maí 1955.

Ásgeir Ásgeirsson.

(L. S.)

Ingólfur Jónsson.

53
20. maí

L Ö G

um heimild fyrir ríkisstjórnina til að kaupa jörðina Dísastaði í Breiðdal.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að kaupa jörðina Dísastaði í Breiðdalshreppi í Suður-Múlasýslu og sameina hana jörðinni Hóli (Dísastaðahóli) í sama hreppi. Kaupverðið skal miða við væntanlegt fasteignamat.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 20. maí 1955.

Ásgeir Ásgeirsson.

(L. S.)

Steingrímur Steinþórsson.

54
11. maí

FORSETABRÉF

um þinglausnir.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt:

Ég hef ákveðið, að Alþingi, 74. löggjafarþingi, skuli slitið í dag, miðvikudaginn 11. maí 1955.

Mun ég því slíta Alþingi í dag.

Gjört í Reykjavík, 11. maí 1955.

Ásgeir Ásgeirsson.

(L. S.)

Ólafur Thors.